

Skýrsla stjórnar Skautasambands Íslands Tímabilið 2016-2018



Stjórn ÍSS 2016-2018 var skipuð eftirfarandi aðilum:

Guðbjört Erlendsdóttir	Formaður
Svava Hróðný Jónsdóttir	Varaformaður
Friðjón Guðjohnsen	Gjaldkeri
Kristrún Elfa Jónsdóttir	Ritari (hætti á fyrsta ári)
Heba Finnsdóttir	Meðstjórnandi
Jóna Jónsdóttir	Varamaður/meðstjórnandi
Sandra Rut Gunnarsdóttir	Varamaður

Framkvæmdastjóri: S. Maria Fortescue, ráðin 1.5.2017

Upphaf starfstíma

Fyrstu verkefni kjörinnar stjórnar var að

- Skipta með sér verkum.
- Samþykkja mótadagskrá næsta tímabils
- Staðfesta val Afreksnefndar á keppendum sem fóru á JGP um haustið.
- Skipuleggja grunnpróf sem fóru fram síðar í aprílmánuði það ár.

Í júní 2016 héldu formaður og varaformaður á þing ISU í Dubrovnik í Króatíu. Á þinginu fóru fram kosningar í nefndir og ráð sambandsins en þar ber helst að nefna að nýr Forseti var kosinn í fyrsta sinn síðan 1994. Jan Dijkema frá Hollandi var kjörinn, en hann var áður Varaformaður Speed Skating frá 2010-2016.

Markmið stjórnar

Í upphafði setti stjórnin sér markmið:

- Setja upp nýjar Keppnisreglur ÍSS, með nýjum og uppfærðum keppnisflokkum.
- Uppfæra Grunnprófshandbók og yfirfara reglur og skilyrði inn í keppnisflokka
- Yfirfara afreksstefnu sambandsins og setja upp prógramm utan um afrekshóp og unga og efnilega og fá fagfólk með í starfið
- Setja skýrar reglur og verkferla fyrir nefndir, sem og að nýta þekkingu fagfólks
- Hafa gagnsæi í vinnubrögðum stjórnar og sambandsins
- Efla þjálfaramenntun og þekkingu dómara og tæknifólks
- Vinna að eflingu íþróttarinnar og sýnileika bæði innanlands og utan

Stefnunni hefur verið fylgt vel eftir á kjörtímabilinu og mikið af stórum verkefnum hafa verið kláruð. Bæði Grunnprófshandbók sem og nýjar Keppnisreglur ÍSS eru verkefni sem vel til tókst og má hrósa nefndarmeðlimum viðeigandi nefnda fyrir gott og vel unnið starf.

Keppnisreglur ÍSS

Eitt af fyrstu verkefnum stjórnar var að fela Dómara- og tækninefnd það verkefni að uppfæra Keppnisreglur ÍSS. Eftir mikla vinnu voru svo nýjir keppnisflokkar samþykktir af stjórn sumarið 2016.

Frá og með keppnistímabilinu 2017-2018 var nýja keppniskerfið tekið upp í stað þriggja flokka kerfisins (A, B og C) sem hafði verið.

Keppniskerfinu er skipt upp í tvær leiðir: Keppniskerfi ÍSS og Keppniskerfi félaganna.

Með breytingunni munu allir keppnisflokkar Alþjóðaskautasambandsins (ISU) hafa verið innleiddir í íslenskt keppniskerfi. Ætlunin er einnig að með nýrri nafngift flokkanna mun hvatning aukast þar sem hún felur ekki í sér mismunun iðkenda í A, B og C flokka og er vonast til að með þessu móti muni sú gjaldfelling sem hefur loðað við keppnisflokka félagana þ.e.a.s gömlu C flokkunum hætta með tíð og tíma.

Keppnisflokkar ÍSS eru nú eftirfarandi:

- Chicks – 8 ára og yngri
- Cubs – 10 ára og yngri
- Basic Novice A – 10-12 ára
- Basic Novice B – 13-17 ára
- Advanced Novice – 10-14 ára
- Junior – 13-18 ára
- Senior – 15 ára og eldri
- Adult – 18 ára og eldri

Keppnisflokkar Félaganna eru nú eftirfarandi:

- 8 ára og yngri
- 10 ára og yngri
- 12 ára og yngri
- Novice – Stúlkna-/Drengjaflokkur
- Junior – Unglingaflokkur
- Senior – Fullorðinsflokkur

Verkefni Dómara- og tækninefndar sem eru framunda er nú að yfirfara nýliðið keppnistímabil og yfirfara keppnisreglur með tilliti til frekari lagfæringar.

Grunnpróf og Grunnprófshandbók

Vorið 2017 var ný Grunnprófshandbók gefin út. Þetta er verkefni sem er búið að taka mörg ár í vinnslu. Grunnprófsnefnd var til fyrirmyndar í þessari vinnu og vann vel saman að þessu stóra og viðamikla verkefni. Í nýrri handbók eru mynstur og skylduæfingar uppfærðar miðað við nýja keppnisflokkar ÍSS.

Verkefni Grunnprófsnefndar sem eru framundan:

Nefndin vinnur að því að straumlínulaga það sem búið er verið að gera. Búið er verið að fara í gegnum miklar og stórar breytingar og er mikilvægt að yfirfara kerfið og besta ferlið. Síðasta tímabil kenndi okkur mikið en það tekur alltaf tíma að aðlaga sig að breytingum og hlutir koma upp sem enginn sá fyrir.

Núna tekur við að uppfæra dómaraþlöt og skráningarþlöt. Einnig er vilji fyrir því að setja upp kerfi sem hægt er að deila með félögunum þar sem að þau hafa yfirsýn yfir þau próf sem skautarar hafa farið í og staðist.

Afreksstefna

Miklar breytingar hafa orðið á Afreksstyrkjum ÍSí og hefur það kallað á uppfærðar afreksstefnur allra sérsambanda þar sem að sett eru skýr markmið sem ná tvö ár fram í tímann.

Stjórn skautasambandsins hefur unnið mikla vinnu í þessum málum í samstarfi við Afreksnefnd/Valnefnd. Afreksnefndin hefur verið efld til muna og kemur nú meira að utanumhaldi um Afrekshóp ÍSS en áður.

Fyrir utan venjubundið hlutverk sitt að velja á t.d. JGP og Norðurlandamót hefur nefndin komið að fjölda annarra verkefna m.a.:

- Tekið viðtöl við alla skautara sem náð hafa viðmiðum
- Haldið utan um stig og framför hvers skautara fyrir sig.
- Komið að skipulagi æfinga- og keppnisferða
- Skipulagt starf fagaðila og aðkomu þeirra inn að afreksstarfinu m.a. sjúkraþjálfara til að hitta hvern skautara fyrir sig með reglulegu millibili til að ræða líkamlegt ástand hvers skautara fyrir sig.
- Unnið að stefnumótun í samvinnu við stjórn ÍSS
- Haft eftirfylgni með verkefnunum.

Verkefni Afreksnefndar sem eru framundan: að yfirfara viðmiðunarramma sem unnið er eftir þegar kemur að vali á skauturum í verkefni þar sem kvóti er settur, að yfirfara lágmarksstig í afrekshópa í hverjum keppnisflokki í samræmi við nýjan einkunnaskala ISU sem tekur gildi frá og með næsta hausti sem og að koma að stefnumótun afreksstefnunnar í samstarfi við stjórn ÍSS.

Efla þarf afreksstarfið enn frekar með það að markmiði að efla það prógramm og utanumhald sem beinist að afrekshópnum sjálfum. Ljóst er að mynda þarf góð tengsl á milli skautara, þjálfara, félaga og sambandsins sjálfs.

Fyrirlestraröð ÍSS

Byrjað var á verkefni sem nefndist *Fyrirlestraröð ÍSS*, þar sem markmiðið er að auka þekkingu bæði afreksskautara, þjálfara, foreldra/aðstandenda sem og ungra og efnilegra skautara. Fyrsti fyrirlesturinn var haldinn af Audrey Freyju Clarke og fjallaði hann um álgasmeiðsli í listskautum.

Stefnt var að fleiri fyrirlestrum og er búið að skipuleggja fleiri fyrir næsta tímabil.

Reglugerðir og verkferlar

Eitt af meginmarkmiðum stjórnarinnar var að auka gagnsæi í vinnubrögðum, bæði hjá stjórninni sjálfri sem og í öllum nefndum og nefndarvinnu.

Reglugerðir sambandsins hafa verið uppfærðar og verkferlar skýrðir betur hjá nefndum og stjórn hvernig meðferð mála er háttað.

Málefni sem heyra undir nefndir eru umfram allt unnin þar og rædd, ákvarðanir um bestu lausn teknar og niðurstaða send til stjórnar ásamt skýrslu. Séu atriði óljós eða niðurstaða talin vera á skjön við reglur og almenna vinnuferla er formaður nefndar kallaður inn á fund stjórnar til að gera frekari grein fyrir niðurstöðum.

Þetta hefur gengið mjög vel og faglega hefur verið að málum staðið innan starfa nefndanna að mati stjórnar. Skýrslur frá nefndum eru vel unnar og skýrar. Það fer ekkert á milli mála hvernig staðið er að ákvörðunum og vinnunni á bak við þær. Ber þá helst að nefna skýrslur frá Afreksnefnd sem eru sérstaklega vel unnar og gangsjæjar og hafa ávallt verið áframsendar til félaga og þjálfara til frekari upplýsinga um hvernig val átti sér stað.

Siðareglur

Yfirfarðar siðareglur voru gefnar út í byrjun árs 2018 þar sem fram að þessu höfuð eingöngu verið til siðareglur sem sérstaklega beindist að dómurum og öðru starfsfólki ÍSS. Skautasambandið vill undirstrika mikilvægi þess að nú eiga siðareglur við um alla sem að íþróttinni koma hvort sem það á við um dómara, þjálfara, iðkendur, stjórnarmeðlimi, sjálfboðaliða eða foreldra.

Er þetta hluti af mikilvægi þess sýna fram á að allir innan íþróttarinnar bera ábyrgð á að sýna fordæmi í hegðun og háttum. Að sama skapi ýttu umræður sem spunnust út frá #meetoo byltingunni m.a. innan íþróttahreyfingarinnar undir mikilvægi á tilvist almennra siðareglna.

Menntun starfsfólks

Stjórn ÍSS er stolt að segja frá því að þrír dómara frá sambandinu stóðust próf frá ISU í Frankfurt og eru því Alþjóðlegir dómara.

Kristín Helga Hafþórsdóttir stóðst prófið í júlí 2016, en hefur síðan þá snúið sér alfarið að þjálfun.

María Fortescue og Halla Björg Sigurþórsdóttir stóðust báðar prófin í júlí 2017 í fyrstu ferð sinni þangað. Gaman er að segja frá því að Halla Björg er nú yngsti starfandi dómari með Alþjóðleg réttindi frá ISU.

Stefnt er að því að auka við réttindi tæknisérfræðinga og tæknifólks á næstu misserum.

Dómara námskeið hafa verið haldin reglulega yfir tímabilið.

- 2.-4. september 2016. Leiðbeinendur voru André-Marc Allain (International Judge) frá Kanda og Ásdís Rós Clark (International TS)
- 12.-14. maí 2017. Leiðbeinendur voru Christopher Stokes (International DVO) og Deanna Tommietto frá Kanada. Sigrún Inga Mogensen hélt námskeið sömu daga fyrir DVO/DRO
- Yfirdómara námskeið var haldið samhliða Interclub keppni á RIG 2018. Leiðbeinandi var Mary Chapman (International Referee) frá Bretlandi en hún var yfirdómari á RIG.

Næstu námskeið verða

- 4.-6. maí 2018 en þar verður leiðbeinandi verður Paolo Pizzocari (ISU Referee) frá Ítalíu og mun það fjalla sérstaklega um Program Components fyrir dómara, skautara og þjálfara
- 8.-12. ágúst 2018. Námskeið í GOE fyrir dómara. Erlendur ISU TS mun halda námskeið fyrir tæknisérfræðinga.

Þjálfara námskeið hafa verið haldin af Erlendínu Kristjánsson.

Haldið var 1. a, b og c 2016 - 2017.

Annað 1. a, b og c námskeið hefst nú á vormánuðum.

Í haust verður svo haldið námskeið í 2. hluta.

Sýnileiki

Mikið hefur verið unnið að kynningu á íþróttinni innanlands síðustu tvö árin þegar kemur að samfélagmiðlum og ásýnd íþróttarinnar.

Fjölmiðlar

Eins og áður eru Ítarlegar fréttatilkynningar ávallt sendar á fjölmiðla fyrir og eftir mót sambandsins og góð samskipti eru við fjölmiðla og ljósmyndara. Gerður var samningur um beina útsendingu á RIG á netinu (YouTube) sem ÍSS stóð að. Stefnt er að því að geta líka sent beint út á netinu frá Íslandsmótum.

Samfélagsmiðlar

Vefsíðan var uppfærð og nýtt lén skráð; www.iceskate.is. Facebook síða ÍSS hefur verið mjög virk sem og Instagram aðgangurinn. Snapchat aðgangi hefur verið haldið úti þar sem starfsmenn, sjálfboðaliðar og/eða skautarar hafa kynnt sig, mót ÍSS og mót sem farið hefur verið á erlendis.

Þetta er góð leið til að ná tengslum við alla velunnara íþróttarinnar, hvar sem er í heiminum og umferð um facebooksíðu og vefsíðu sambandsins hefur aukist töluvert eftir að Snapchat reikningur sambandsins var opnaður.

Tengslamyndun

Tengslamyndun er gríðarlega mikilvæg en tengslanet sambandsins á erlendum vettvangi hefur verið stækkað.

Farið hefur verið á þær ráðstefnur sem haldnar hafa verið þ.e.a.s. ISU ráðstefna 2016 og 125 ára afmæli ISU 2017, einnig hefur verið ráðgert að farið verði á ISU ráðstefnuna sem haldinn verður í júní nk.

Unnið hefur verið vel með erlendum samböndum hvað varðar mönnun dómara- og tæknipanela á mótum og kennslu á námskeiðum. Einnig hefur dómurum, tæknidómurum og tæknifólki frá okkur verið boðið að starfa á ýmsum erlendum mótum sem er gríðarlega mikilvægt til að bæta í þeirra reynslubanka. Tengslamyndun dómara sjálfra er mjög mikilvæg í þessu sambandi og byggist oft á vinsamböndum sem hafa myndast á öðrum mótum eða sambærilegum samkomum.

Störf dómara og tæknifólks á alþjóðlegum mótum á árinu 2017 var:

- Ásdís Rós Clark, alþjóðlegur tæknisérfræðingur fór á RIG Reykjavík og Norðurlandamótið í Rovaniemi, Finnlandi.
- Halla Björg Sigurpórsdóttir, alþjóðlegur dómari, fór á Golden Bear í Zagreb, Króatíu, RIG Reykjavíki og Norðurlandamótið í Rovaniemi, Finnlandi.
- María Fortescue, alþjóðlegur dómari, var á JGP í Riga, Lettlandi; á Volvo Open í Riga, Lettlandi, á Autumn Classic í Kanada, RIG Reykjavík, Norðurlandamótið í Rovaniemi, Finnlandi og Skate Southern í London.
- Sunna Björk Mogensen, ISU DRO fór á vegum ISU á Skate Canada, RIG Reykjavík og á Norðurlandamótið í Rovaniemi, Finnlandi.

Samstarfsaðilar

Skautasambandið hefur átt í góðu samstarfi við hina ýmsu styrktaraðila. Þeir hafa komið úr hinum ýmsu áttum og hefur verið allur gangur á því hvort að um sé að ræða einskisstyrk eða styrk í ákveðin verkefni. Stjórnin vill þakka styrktaraðilum sínum fyrir gott samstarf á tímabilinu.

Á næstu dögum verður skrifað undir stóran samstarfssamning sem mun án efa létta undir við mót og viðburði á vegum Skautasambandsins.

Mótahald

ÍSS hefur eins og undafarin ár haldið 5 mót á hvoru keppnistímabili

- Haustmót
- Bikarmót
- Íslandsmót
- Reykjavíkurlaikana
- Vetrarmót

Ásamt því að Norðurlandamótið var haldið í Egilshöll í mars 2017.

Árangur íslenskra skautara eru búinn að vera með eindæmum góður síðustu tvö árin þar sem hvert metið hefur verið slegið á fætur öðru. Stigamet hafa núna fallið í öllum flokkum.

Upp hefur þó komið í umræðuna að þjálfarar félaga hafa nefnt að fjöldi móta valdi því að erfitt sé að koma tækniæfingum inn í æfingaprógramm iðkenda og valdi hægari framförum en hægt væri að ná fram. Það er því umhugsunarefni hvort endurskoða þurfi mótaskipulag með það í huga..

Bikar- og Íslandsmeistarar eru krýndir árlega í Kvennaflokki, Unglingaflokki og Stúlknaflokki en þó sakna allir þess að sjá ennþá enga drengi meðal iðkenda á neinum af þessum mótum.

Bikarmeistarar

- 2016
Stúlknaflokkur: Marta María Jóhannsdóttir
Unglingaflokkur: Agnes Dís Brynjarsdóttir
- 2017
Stúlknaflokkur: Viktoría Lind Björnsdóttir
Unglingaflokkur: Marta María Jóhannsdóttir
Kvennaflokkur: Eva Dögg Sæmundsdóttir

Íslandsmeistarar

- 2016:
Stúlknaflokkur: Marta María Jóhannsdóttir
Unglingaflokkur: Kristín Valdís Örnólfsdóttir
- 2017
Stúlknaflokkur: Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir
Unglingaflokkur: Marta María Jóhannsdóttir
Kvennaflokkur: Júlía Grétarsdóttir

RIG

Stjórn ÍSS sá um skipulagningu á Reykjavíkurlaikunum í samstarfi við Mótanefnd ÍSS og Skautafélag Reykjavíkur. Bæði árin var mótið á lista ISU yfir alþjóðleg mót.

Góð þátttaka var bæði árin sem fóru vel fram og voru keppendur, þjálfarar og aðstandendur í heild mjög ánægðir með ánægjulegar stundir á sterkum og spennandi mótum. Vonir standa til að næsta ár gangi enn betur en síðustu tvö ár. Til þess mun þó verða gert meira átak í auglýsingaferli og mun viðburðurinn verða auglýstur á ISU þingi 2018 sem mun verða haldið í júní nk.

Norðurlandamót 2017

Norðurlandamótið var haldið í Egilshöll 2.-5. mars 2017.

Mikil vinna er á bak við mót af þessari stærðargráðu. Stjórnin vann vel saman að þessu verkefni í samvinnu við mikinn fjölda af sjálfboðaliðum.

Þrátt fyrir mikla snjókomu á höfuðborgarsvæðinu fór mótið vel fram og mættu fjölmargir skautarar til keppni.

Senior flokkarnir (Karla- og Kvennaflokkur) eru opnir á Norðurlandamótum og gefur það keppendum utan Norðurlandanna tækifæra til þess að taka þátt. Á þessu móti var tekið á móti mörgum sterkum og heimsfrægum keppendum. Má þar nefna Carolina Kostner frá Ítalíu,

Elisaveta Tuktamysheva frá Rússlandi, Chafik Besseghier frá Frakklandi og Nicky Obreykoc frá Bulgarríu. Þar gafst áhugafólki einstakt tækifæri til að sjá Ólympíufara og heimsmeistara sem var ótrúlega gaman fyrir eins litla íþrótt og við státum af héraendis.

Íslensku skautararnir stóðu sig vel og náðu góðum árangri. Var liðið skipað 8 keppendum.

Keppendur í Stúlknaflökki:

- Aldís Kara Bergsdóttir, 16. sæti
- Ásdís Arna Fen Bergsveinsdóttir, 19. sæti
- Marta María Jóhannsdóttir, 12. sæti
- Viktoría Lind Björnsdóttir, 18. sæti

Keppendur í Unglingaflokki:

- Agnes Dís Brynjarsdóttir, 11. sæti
- Emilía Rós Ómarsdóttir, 19. sæti
- Eva Dögg Sæmundsdóttir, 12. sæti
- Kristín Valdís Örnólfsdóttir, 18. sæti

Norðurlandamót 2018

Norðurlandamótið var haldið í Rovaniemi í Finnlandi 31.janúar – 4.febrúar 2018.

Skautasamband Íslands sendi í fyrsta sinn fullskipað lið til þátttöku á mótinu.

Keppendur í stúlknaflökki:

- Aldís Kara Bergsdóttir, 14. sæti
- Ásdís Arna Fen Bergsveinsdóttir (varamaður), 20. sæti
- Ísold Fönn Vilhjálmisdóttir, WD
- Rebekka Rós Ómarsdóttir, 18. sæti
- Viktoría Lind Björnsdóttir, 12. sæti

Keppendur í unglíngaflokki:

- Emilía Rós Ómarsdóttir, 15. sæti
- Herdís Birna Hjaltalín, 19. sæti
- Margrét Sól Torfadóttir, 17. sæti
- Marta María Jóhannsdóttir, 10. sæti

Keppendur í kvennaflokki:

- Eva Dögg Sæmundsdóttir, 14. sæti
- Júlía Grétarsdóttir, WD
- Þuríður Björg Björgvinsdóttir, 15. sæti

Einnig sendi sambandið fullskipað lið starfsfólks.

Dómarar voru Halla Björg Sigurbórsdóttir og María Fortescue

Tæknisérfræðingur var Ásdís Rós Clark

DVO var Sunna Björk Mogensen

Íslensku keppendurnir stóðu sig vel á mótinu árið 2018 sem og árið áður en samhliða góðum árangri voru nokkur met slegin.

Viktoría Lind var efst íslensku skautaranna í stúlknaflökki í 12. sæti, með hæstu stig sem íslenskur skautari hefur fengið á Norðurlandamóti í þessum flokki.

Marta María var hæðst íslensku skautaranna í unglíngaflokki í 10. sæti, með besta árangur íslensks skautara á Norðurlandamóti í þessum flokki bæði hæstu stig og efsta sæti.

Eva Dögg var hæst íslensku skautaranna í kvennaflokki í 15.sæti, með hæstu stig sem íslenskur skautari hefur fengið á Norðurlandamóti í þessum flokki.

ISU mót

Íslenskir keppendur hafa verið á faraldsfæti um allan heim.

Keppnistímabilið 2016-2017 fóru keppendur á 9 mót en þau eru eftirfarandi:

- Gran Prix SNP, einn keppandi úr ungir og efnilegir
- Skate Celje, einn keppandi úr ungir og efnilegir
- Bratislava Cup, einn keppandi úr ungir og efnilegir
- Crow Arena Trophy, einn keppandi úr ungir og efnilegir
- Santa Claus Cup, einn keppandi úr ungir og efnilegir
- Mentor Torun Cup, einn keppandi úr Advanced Novice, fjórir keppendur úr Junior og einn keppandi úr Senior
- Skate Southern, einn keppandi úr Senior
- Summer Classic 2016, einn keppandi úr Senior
- Summer Skate, einn keppandi úr Senior

Keppnistímabilið 2017-2018 fóru keppendur á 8 mót en þau eru eftirfarandi:

- Hamikovo Cup, einn keppandi úr Advance Novice
- Tirnivaia Riedell Ice Cup, einn keppandi úr Advanced Novice
- Cuébécois, einn keppandi úr Advanced Novice
- Leo Sheu Memorial, einn keppandi úr Advanced Novice
- Volvo Cup Open, fimm keppendur úr Advanced Novice, fimm keppendur úr Junior og einn keppandi úr Senior
- Grand Prix Bratislava, einn keppandi úr Advanced Novice, hlaut gullverðlaun.
- Golden Brear, einn keppandi úr Junior og einn keppandi úr Senior
- Sophia Trophy, einn keppandi úr Junior

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar / European Youth Olympic Winter Festival 2017

EYOWF

EYOWF fór fram í Erzurum í Tryklandi 11.-18.febrúar 2017.

Herdís Birna Hjaltalín, SB, var fulltrúi Íslands á leikunum. Hún fór ásamt þjálfara sínum en með þeim í för voru keppendur og þjálfarar frá Skíðasambandi Íslands. Hún landaði 19. sæti.

Junior Grand Prix

Skautasamband Íslands fékk, eins og undandarin ár, úthlutað tveimur sætum á JGP mótaroðinni 2016 og 2017.

Fulltrúar Íslands voru:

- Árið 2016
Agnes Dís Brynjarsdóttir, SB – Ostrava, Tékklandi
Hún endaði í 25. sæti með 78.36 stig.
Emilía Rós Ómarsdóttir, SA – Tallin, Eistlandi
Hún endaði í 27. sæti með 82.96 stig
- Árið 2017
Kristín Valdís Örnólfsdóttir, SR - Riga, Lettlandi
Hún endaði í 27. sæti með 90.49. Nú besti árangur íslensks skautara á JGP.

Emilía Rós Ómarsdóttir, SA – Zagreb, Króatía WD
Margrét Sól Torfadóttir, SR, varamaður, 32. sæti

Skautari ársins

Skautakona ársins var valin að venju

- Emilía Rós Ómarsdóttir, SA, var valin Skautakona ársins 2016
- Kristín Valdís Örnólfsdóttir, SR, var valin Skautakona ársins 2017

Ösp, nýtt aðildarfélag og Alþjóðlegt starf Special Olympics við ISU

Þann 1. desember 2017 bættist nýtt aðildarfélag í Skautasamband Íslands, Íþróttafélagið Ösp. Fjölgreinafélagið Ösp hefur verið starfandi síðan 1980 og hefur haft listskautadeild starfandi á sínum vegum frá árinu 2011. Á Íslandi hefur þó lengi verið haldið úti skautþjálfun fyrir fatlaða einstaklinga eða frá árinu 2004.

Fimm þjálfarar eru starfandi innan deildarinnar sem sérhæfa sig í þjónustu og þjálfun einstaklinga með fötlun/sérþarfir. Áhersla er lögð á hátt þjónustustig og einsaklingsmiðað nám en boðið er upp á æfingar fyrir byrjendur og lengra komna.

Kennt er eftir alþjóðlegum áfangamarkmiðum Special Olympics þar sem einstaklingurinn er í fyrirrúmi. Áfangamarkmiðunum er skipt upp í 12 áfanga þar sem grunnskautafærni er byggð upp á markvissan hátt. Farið er frá því að einfalda til hins flóknara. Þjálfarar meta árangur í hverri kennslustund og iðkendur frá viðurkenningu fyrir afrek sín og fá þeir afhent barmmerki sem viðurkenningu þegar hverjum áfanga er náð.

Keppendur Special Olympics hafa tekið þátt á Special Olympics Winter Games í Japan 2005, í Boise í Bandaríkjunum árið 2009, í Suður Kóreu árið 2013 og núna síðast í Graz, Austurríki, árið 2017. Einnig á Íslands fulltrúa í tækninefnd Internati

Einnig tók Ísland þátt á Evrópuleika Special Olympics árið 2010 í Rússlandi, Austian Open 2012 og 2015, var boðið sérstaklega að taka þátt á Pre-Games í Austurríki 2016 og nú Vienna Special Olympics 2018.

Í skautadeild Ösp falla þó ekki allir iðkendur undir kerfi Speical Olympics og eiga þar af leiðandi ekki möguleika á að fá að taka þátt í alþjóðlegum Special Olympics verkefnum. Um helmingur iðkenda myndi falla undir það sem við þekkjum sem „Paralympics“ eða íþróttir fatlaðra. Unnið hefur verið að því markvisst frá árinu 2011 að þróa þjálfunar- og dómakerfi sem hentar báðum hópum. Ösp og Íþróttabandalag fatlaðra hefur verið leiðandi í þessari vinnu alþjóðlega og á t.a.m. fulltrúa í tækninefnd fyrir listskautahluta Special Olympics International sem er nú að þróa alþjóðlegar reglur og fulltrúa í alþjóðlegri tækninefnd í Adaptive Skating Co sem hefur það að markmiði að þróa flokkunarkerfi, dómakerfi og keppnisrelgur fyrir allar fatlanir þar sem öllum gefst kostur á sanngjarni keppni óháð fötlun. Þetta mun verða fyrta skrefið í átt að þátttöku skautaíþrotta á Paralympics.

Umhverfi íþóttaiðkunar fatlaðra er að batna í öllum íþróttagreinum og sífellt fleiri greinar bætast þar við og alþjóðleg meðvitund kviknar samhliða um réttindi fatlaðra iðkenda til alþjóðlegrar þátttöku á jafnréttisgrundvelli. Kæra sem var lögð til Evrópuþómsstóls á hendur Alþjóðlega Skautasambandsins árið 2014 leiddi til lagabreytingar á reglu 102 (Eligibility rule) á ISU þingi árið 2016. Við þessa lagabreytingu falla nú íþóttir fatlaðra undir lögsögu ISU og skilyrðir á sama tíma öll landsambönd til að sinna þessum hópi einstaklinga sem fer sífellt stækkandi. Þetta ýtti í kjölfarið undir þá ákvörðun Aspar að breyta eigin lögum og fá þar með aðild að öllum landsamböndum sem þau stunda íþróttir í þ.m.t. Skautasambandinu.

Þann 22.mars 2018, á Heimsmeistaramóti ISU í Milano, undirritaði Alþjóðlega skautasambandið yfirlýsingu um stuðning og framsækni fyrir Special Olympics og alla þeirra skautara sem með ótrúlegu hugrekki standa fyrir hinn sanna anda íþróttanna.

Skautasambandið fagnar frekari fjölbreytileika og flóru innan í þróttarinnar og tekur vel á móti skauturum, þjálfurum og aðstandendum Aspar. Til upplýsinga mun ut anumhald og umsjón sem fyrr vera í höndum Íþróttabandalags fatlaðra en í góðu samstarfi við Skautasambandið.

Að lokum

Ljóst er að verkefni sambandsins eru fjölmörg og að efla þarf enn frekar starfsvið nefndanna og koma árlegum verkefni þannig í frekari farveg og rútínu.

Afreksmálin eru þar efst á baugi en meginmarkmið að öflugara afreksstarfi er tvíþætt.

Í fyrsta lagi er það vegna gjörbreytts umhverfis í úthlutun styrkja og flokkun sérsambanda hjá Afreksjóði ÍSí. Krafa um hvað þarf að vera innan afreksvinnu sambands hefur aukist til muna sem og krafa um ut anumhald og áætlanir fylgja þar fast á eftir. Stjórn sambandsins þarf að hafa sig alla við að uppfylla þessi skilyrði hafandi 2 starfsmenn innan skrifstofunnar sem hvor um sig sinna 30% starfshlutfalli.

Í öðru lagi er ljóst er að ef fólk innan íþróttarinnar hér á landi hefur hefur metnað og hugsjónina til að ná lengra innan íþróttarinnar þá þarf Skautasambandið að vera þar í fararbroddi og leiða þá vinnu í samvinnu við alla aðila. Það þarf að gera á skipulagðan hátt og slík vinna er ekki gerð á einni nóttu.

Vinnan í afreksmálum sambandsins sem hefur þegar verið unnin hjá Skautasambandinu hefur verið gríðarlega mikil en er þó bara toppurinn á ísjakanum, verkefnið eru svo mörg að það er í raun ekki hægt að telja þau öll upp og í fyrstu virtust þau nánast óyfirstíganleg miðað við fjárráð og starfsmannafjölda.

En hvernig borðar maður fíl? Það er gert með einum bita í einu og í þessu tilviki þarf að tryggja hvern bita vel og vandlega áður en honum er kyngt. Þetta er langhlaup en ef við byggjum okkur meira og meira upp í smáum en öruggum skrefum höfum við í stjórn ÍSS fulla trú á að komast á leiðarenda þ.e.a.s. að sjá heildrænt og fullmótað afreksstarf sem er í senn stuðningur fyrir hlutaðeigandi aðila sem og þess eðlis að það mótist til samræmis við þróun og framfarir innan íþróttarinnar.

Í lokin vil ég sérstaklega tala um samskipti innan íþróttarinnar.

Í skýrslu stjórnar frá síðasta þingi var nefndur að mikill samskiptavandi væri til staðar innan íþróttarinnar og urðum við í núverandi stjórn ekki varhluta af þeirri umræðu þegar umskiptin áttu sér stað í kjölfar síðasta skautþingi.

Sem iðkandi, keppandi, þjálfari, dómari og núna sem sitjandi formaður Skautasambandsins hef ég verið viðriðin skautaíþróttina á öllum stigum íþróttarinnar á einhverjum tímavörðum í 25 ár. Ég tel nokkuð ljóst að flest allir viti um hvers konar samskiptavanda verið var að tala um, enda hefur hann verið viðloðandi íþróttina til fjölda ára hérlendis og erlendis. Allir hafa á einhverjum tímavörðum upplifað hann innan íþróttarinnar og hann kemur reglulega upp eins og árstíðirnar koma og fara. En mín reynsla hefur þó kennt mér eitt í gegnum þetta allt. Góð samskipti er stöðug vinna sem lýkur aldrei og það er ekki einstefnugata.

Bættir samskiptahættir eru eitt af verkefnum sem við innan íþróttarinnar þurfum stanslaust að hafa í huga í samskiptum okkar á milli og spilar gagnkvæm virðing þar mikilvægan þátt, það er ekki val heldur skylda. Síðareglur undirstrika nú einmitt þennan þátt innan íþróttarinnar. Við sem stjórnendur innan sambandsins og félaganna þurfum að taka þetta sérstaklega til okkar þar sem okkur ber skylda að sýna fordæmi í þessum efnum. Við erum bakhjarlar

Íþróttarinnar og á sama tíma ímynd hennar og ásýnd sem birtist ekki eingöngu á samfélagsmiðlum heldur gagnvart því fordæmi sem við sýnum iðkendum íþróttinnar.

Okkur leyfist ekki að hegða okkur hvernig sem er hvort við annað innan íþróttarinnar og okkur ber, hvert og eitt okkar, að sýna gagnkvæma virðingu í samskiptum gagnvart: iðkendum, þjálfurum, dómurum, stjórnendum, sjálfböðaliðum og foreldrum. Eitt af þeim meginmottóum sem ég hef tekið með mér út í lífið eftir mitt skautauppheldi er að við erum og munum aldrei verða sterkari en veikasti hlekkurinn í keðjunni.

Stjórn Skautasambandsins vill koma sérstaklega á framfæri að hún telur að samskipti þessi tvö síðustu ár hafi í heild verið góð þrátt fyrir ágreininga sem upp hafa komið stóra sem smáa. Teljum við að tekist hafi að ráða úr þeim málefnum sem upp hafa komið þannig að málsaðilar hafi getað stigið sáttir frá borði. Stjórn Skautasambandsins og vill þakka samstarfið síðustu tvö ár og vonar að svo megi áfram vera.

Virðingarfyllt,
F.h. Stjórnar Skautasambands Íslands

Guðbjört Erlendsdóttir

Guðbjört Erlendsdóttir
Formaður